# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 53

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Byggingarnefndarfundur 29/8.

1, Jóhannes Lárusson pr. Völundur vill breyta húsi N:o 4 við Klapparstíg. –
2, Sláturhúsið um breyting á húsi. –
3, Gunnar Gunnarsson biður lóð til sölu. –
4, Steingr. Guðmundsson um breytingu hússins Nr. 4 við Kirkjustræti. –
5, Sami sækir um að byggja hús fyrir Guðm. Magnússon. –
6, Guðr. Guðmundsdóttir um breytingu á Laugaveg 43. –
7, Jón Þórðarson vill byggja stigaskúr. –

Bnf. 29/8 '10

By. 15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vísað til borgarstj. og byggingarfulltrúa

Reykjavík 1. ágúst 1910

12345678

Um leið og jeg hjer með leyfi mjer að láta hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur vita, að jeg hefi í hyggju að girða af lóð mína við Klapparstíg, vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hennar, hvort bæinn mundi vilja kaupa af mjer spildu af nefndri lóð undir væntanlegan veg. - Svar byggingarnefndarinnar upp á þetta þyrfti jeg að fá sem allra fyrst, svo að jeg geti látið byrja á verkinu og miðað tilboðum á því við undirtektir hennar.

Virðingarfyllst
Gunnar Gunnarsson

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 599/1910 B. I. 15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd stjórnar h/f. „Völundur" óska
jeg undirritaður eftir samþykki
hinnar heiðruðu byggingarnefndar
Reykjavíkur, á breitingu á húsi
fjelagsins við Klapparstíg 4 tjer í bdrum
sem skal vera samkvæmt með-
fylgjandi uppdrætti.

Reykjavík 25 ág. 1910

Jóhannes Lárusson

Til byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 600/1910 B. 15.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B. Clark. Caspari 27 12.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18/8

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS

REYKJAVÍK — ÍSLAND

Reykjavík, 17. Ágúst 1910.

Sláturfélag Suðurlands sækir um leyfi hinnar háttvirtu byggingarnefndar Reykjavíkur til að meiga setja loftop (Ventil) húsmyndað 2 al. hátt 2 al. breitt og 6 álna langt á þak sláturhússins (vestari arm byggingarinnar) við Lindargötu. – Svar óskast hið fyrsta.

Virðingarfyllst

pp. SLÁTURFJELAG SUÐURLANDS.
H. Thorarensen.

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 60i 1910 B.g. 1/5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð tilkynnist hinni heiðruðu Byggingarnefnd að áformað er að breyta dálítið húsinu nr. 4 í Kirkju streti; taka burtu búðarglugga þá sem eru á framhlið hússins og láta aðra minni og bæta 1 glugga á vestur gafl að líkindum og dyr þar og svo lagfæra gólfin og skifta búðinni í herbergi.

Og vona jeg að ekkert sje þessu til fyrirstöðu

Rvík 23 ágúst 1910

Steingr. Guðmundsson

Til

Byggingarnefndarinnar í Rvík

B. Rvk. 602/1910 By/5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik 26 agust 1910

Háttvirta byggingarnefnd
Reykjavíkur

Jeg undirskrifuð leifi mjer að byðja yður að veita mjer leifi til þess, að gera eptir skráða breytingu á endurbótum þeim sem mjer var leift að gera við hús mitt Laufásveg 43. hinn 16/7 þ. ár, að í staðinn fyrir svalir sem áttu að koma á norður gafl hússins, þá megi jeg setja svalirnar á norður gafl skúrsins og koma þá þessar svalir yfir þeim tveimur dyrum sem eru sýndar á uppdrættinum þar sem gluggin er.

Vilji nefndin ekki leifa mjer nefnda breytingu vil eg þá biðja hana ~~þá~~ að það megi hafa svalirnar með öllum gaflinum austur á horn skúrsins, en að útganginum á svalirnar, megi vera úr skúrnum. Allt annað um þessi áður skráða breyting stendur eins og uppdrátturinn sýnir.

B. Rok. 603/1910
B.J. 15

Virðingarfyllst
Guðrún Guðmundsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

JÓN ÞÓRÐARSON
ÞINGHOLTSSTRÆTI 1.
REYKJAVÍK ÍSLAND.
PÓSTHÓLF A. 34. — TALSÍMI 62.

Reykjavík 16. ágúst 1910

Jeg leyfi mjer hjermeð að fara þess á leit við hina háttvirtu Byggingarnefnd Reykjavíkur að mjer verði veitt leyfi til að byggja skúr á lóð minni að stærð: breidd 2 ál lengd 4½ al og hæð 8 ál samkv. meðfylgandi teikningu. Það skal tekið fram að skúr þessi á að vera um stiga frá portinu uppí íbúðarhúsið no 10 við Bankastræti, og að hann er hafður eins lítill og auðið er.

Svar óskast hið fyrsta

Virðingarfyllst

f. h. Jóns Þórðarsonar
Júl. Árnason

B.-Rvk. 604/1910 Bf. 15

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

## af fundargjörðum byggingarnefndar 27. og 29. ág.

Ár 1910 þ. 27. ág. kom byggingarnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Af nefndarmeðlimunum voru þeir bæjarfulltrúi Jón Jensson og slökkviliðsstjóri Guðm. Olsen ekki mættir. Á fundinum var bæjarverkfræðingurinn heldur ekki mættur og hafði heldur ekki sent skjöl þau, er leggjast áttu fyrir nefndina á þessum fundi. Kom hinum mættu nefndarmönnum saman um að fresta af þessari ástæðu fundinum til næsta mánudags kl. 7 e. h.

Páll Einarsson    Sveinn ~~Kristinn~~ Rögnvaldur Ólafsson

Tryggvi Gunnarsson    K. Zimsen

---

Ár 1910, mánud. 29. ágúst, var haldinn fundur í byggingarnefndinni, og var þá gjört það, er hjer segir:

1. H/F. „Völundur“ leyfð breyting samkv. uppdrætti á herbergjaskipun í íbúðarhúsi fjelagsins við Klapparstíg 1.
2. Sláturfjelag Suðurlands leyft að setja lopstop (verdtil), húsmyndað, 2 al. hátt og 3 al. breitt og 6 al. langt á þak sláturhússins (vestari arm byggingarinnar) við Lindargötu.
3. Steingr. Guðmundssyni, snikkara leyfðar breytingar á neðsta gólfi í húsinu nr. 4 við Kirkjustr., að því er snertir gluggastærð á framhlið hússins, herbergjaskipun og gólf; á gafli bætist og við gluggi og ef svo sýnist, dyr í stað þeirra, er nú vita út að Kirkjustræti. Breytingarnar verði gjörðar eptir því, sem byggingarfulltrúi nánar samþykkir.
4. Guðrúnu Guðmundsdóttur, Laufásveg 43 leyfð sú breyting á endurbótum þeim á húsi hennar er samþ. voru 16. júlí síðastl., að hvalinsþa[illegible]

~~Sömuleiðis [illegible] leyft~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er þar ræðir um verði settar á norðurgafl skúrsins, er þar er nefndur, og skulu þær gjörðar eptir nánari fyrirsögn byggingarfulltrúans.–

5. Jóni kaupm. Þórðarsyni leyft að byggja skúr 2°×4½° í hæð 8°, sunnan við hið nýja hús hans við Bankastræti 10. Það er skilyrði fyrir leyfinu, að óbyggð lóð við húseignina reynist nægileg við mæling byggingarfulltrúans á henni.–

6. Eptir að borgarstjóri hefur rannsakað og gefið nefndinni skýrslu útaf lóðarsölutilboði Gunnars Gunnarssonar (sbr. byggingarnefndarfund 13. þ.m.), en eptir þeirri skýrslu er lóð sú, er kaupa skyldi um 1300 □ al. og verð fyrir hverja alin sett kr. 1.50, þá vildi ekki byggingarnefndin leggja til að lóðin verði keypt að sinni, en álítur hættulaust, þar sem búast má við að langt líði áður til lóðarinnar þurfi að taka undir veg, þótt eigandinn selji girðinguna um lóðina.

Borgarstjóri getur þess að lokum, að bæjarverkfræðingurinn hafi síðastl. laugardag, kl. 3 e.h. tjáð sjer, að hann frá þeim tíma gengdi eigi byggingarfulltrúastörfum, og hefur hann samkvæmt því hvorki mætt í nefndinni í dag nje á laugardag.–

Á fundi eru eigi þeir Rögnvaldur Ólafsson og Kr. Zimsen.–

Fundi slitið

Páll Einarsson

Tryggvi Gunnarsson Jón Jensson

G. Olsen.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur